

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014,
Svínhagi og Haukadalur, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. september 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 10 ha landbúnaðarsvæði í landi Haukadals breytist í frístundasvæði fyrir 10 frístundahúsalóðir. Jafnframt breytist 3 ha landbúnaðarsvæði í landi Svínhaga í Heklubyggð í frístundasvæði með nýtingarhlutfall allt að 0,03. Aðkoma að svæðunum er af Þingskálavegi nr. 268.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. september 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 18. september 2009